Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2026-03-18 14:44:03 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2026-03-18 15:52:51 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-03-20 16:47:09 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 28. janúar 2026 klukkan 13:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson, formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes Á. Jóhannesson, áheyrnarfulltrúi og starfsmenn innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Dagskrá fundar 28. Janúar
- Fjárhagsáætlanir 2026-2029
- Drög að 435. fundargerð EFS 10.12.2025

1. Samþykkt fundargerðar

Samþykkt fundargerðar 435 frá 10.12.2025 var frestað til næsta fundar.

2. Umræður um reikningsskil sveitarfélaga

Framhald var á umræðum nefndarinnar vegna fyrirspurnar EFS til Reykjavíkurborgar um reikningsskil borgarinnar. Í svörum borgarinnar hefur komið fram sú afstaða að ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 gangi framar ákvæðum laga um ársreikninga, þar sem reglugerðin sækir stoð sína í sveitarstjórnarlög sem eru sérlög í tilfelli sveitarfélaga. Rætt var um það hvort heimild sé fyrir því að ákvæði sem finna má í reglugerð geti gengið framar ákvæði annarra laga, stangist þau á. Það er mat nefndarinnar að ekki verði lengra komist með að fá frekari skýringar frá borginni um hvar í sveitarstjórnarlögum finna megi heimild til að víkja frá ákvæði 61. gr. þeirra laga um að farið skuli að ársreikningalögum við reikningsskil.

Nefndin telur að þessi óskýrleiki í regluverkinu geti hamlað eftirlitshlutverki sínu, einkum við túlkun mælikvarða á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga og telur brýna þörf á úrbótum. Ákveðið var að nefndin komi ábendingum sínum á framfæri við starfshóp (á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins) sem vinnur að endurskoðun fyrrgreindrar reglugerðar á sameiginlegum fundi.

Jafnframt var farið yfir reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Rætt var um samræmi milli þeirra viðmiða sem þar birtast og þeirra mælikvarða sem nefndin hefur sjálf sett sér í störfum sínum. Nefndin telur ástæðu til þess að einfalda reglugerðina, tryggja henni skýra lagastoð og samræma kennitölur sem nýttar eru til að meta sjálfbærni sveitarfélaga og hvort sveitarfélög geti staðið undir skuldbindingum sínum.

Nefndin mun fylgjast náið með fyrirhuguðum breytingum á sveitarstjórnarlögum og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Fundi slitið klukkan 14:13 Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.